# Sveinn Benediktsson, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Sveinn Benediktsson – Bréf til Sveins, vegna líftryggingar, 10. febrúar 1930 – Kort til Sveins frá Bjarna, 28. ágúst 1931 – Einkunnabók, 3. bekkur A, 1914-1915 – Ritgerðarbók, ódagsett – Stílabók, íslenska og stærðfræði, 6. bekkur B

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-3, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinn Benediktsson 6. b. B.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í hverju er sönn mentun fólgin.

Mikið hygg jeg að vanti á það, að menn alment geri sjer glögga grein fyrir, í hverju sönn mentun sje fólgin.

Það er vani að kalla þekking á <u>bóklegum efnum</u> mentun. Bókleg þekking er mentun, en þar með er <u>ekki</u> sagt, að mentun sje ekki <u>annað</u> en bókleg þekking. En margir virðast þó hallast* að þeirri skoðun.

Mentun tel jeg alt það, er stuðlar að því, að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gera menn að mönnum, sem fara sjer í flestum sjó. Frá blautu barnsbeini eru menn alltaf að mentast; líkams og sálar kraftar aukast með degi hverjum, því meiri og eldri, sem þeir verða, því mentaðri verður maður. Sönn mentun er ingan veginn í því fólgin að vita sem flest, heldur í hinu að vita og skilja það, sem er, mundi verða og vera ætti:

Sannmentaður maður á ~~Sönn mentun er það~~ að lifa og breyta þannig, að ~~maður~~ hann verði að sem mestu gagni fyrir sjálfan sig og aðra. Því mentaðri, sem menn verða, því líklegri eru menn til drengskapar og dáða. Afbrot og yfirsjónir myndu hverfa með aukinni þekkingu. Sönn þekking er að kunna skil á hinu góða og illa og að kunna að beita þeirri þekking, er maður hefur aflað sjer.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>Það þarf sterk bein, til þess að þola góða daga.</u>

Í fljótu bragði kann að virðast svo, sem málsháttur þessi hafi við ekkert að styðjast, ~~því~~ sökum þess, að sterkra beina þyrfti ~~ekki~~ sést við, er allt ljekk í lyndi; en þeirra væri miklu fremur þörf, þegar á móti bljesi og erfitt gengi.

En við nánari athugun sjest, að svo er ekki, heldur sje málshátturinn með öllu rjettmætur. Í málshættinum felst,

að festu, líkamsþróttar og viljakrafts, þurfi við til að standast meðlætið. Að svo sje, hefur veraldarsagan margsýnt. Nægir þar að benda á Rómverja. ~~Þeir áttu góða daga, og líkams- þoli og gáfum krafti voru þeir gæddir, umfram flestum þjóðum öðrum.~~ Þeir voru ~~gæddir~~ gæddir líkamskrafti, þoli og gáfum umfram aðrar þjóðir. Með þessum kostum sínum unnu þeir sjer öndvegi meðal þjóðanna. Þeir stóðust árásir Galla, Cimbra og Teutona og brutu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á bak aftur alla óvini sína. En er sigurinn var unninn og þeir fóru að eiga góða daga, gleymdu hin sterku bein.

Á þekkt dæmi má taka úr ~~sögu~~ lífi einstaklingsins. Margur er sá maðurinn, er staðist hefur jel og bylgjur mannlífsins, ~~sem~~ en góðu dagarnir hafa síðan orðið að falli. Eftirtektarvert er það, að margir þeirra, er í æsku hafa átt góða daga og ekki annað þekkt, hafa síðar orðið hinir mestu glópar, sakir ofmetnaðar, dugleysis og spillingar.

Góð líðan, velgengni og heppni freista (manna) svo mjög, að fáir fá staðist, og mun sönnu nær, að „á misjöfnu þrífist börnin best."

Hefi ég nú athugað málshátt ~~þetta~~ þenna nokkuð og læt því staðar numið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Hreiðars þáttur heimska.

### Útdráttur.

Tveggja bræðra er getið, til þessarar sögu. Hjet annar Hreiðar, en hinn Þórður. Hreiðari er svo lýst, að hann væri mikill vexi, en ljótur yfirlitum og þótti hann vart sjálfráði, sakir heimsku. Hann hafði jafnan heima verið og sannaðist þar, að heimskt er heimaalið barn.

Þórði er svo lýst, að hann væri lítill vex[t]i, vænn yfirlitum og hinn knálegasti. Hann var hirðmaður Magnúsar konungs góða og bar konungur (góðan) hlýjan hug til hans. Nú var Þórður í förum milli Íslands og Noregs og þótti hinn nýtasti maður.

Einhverju sinni, er hann bjóst til utanferðar, að Gásum í Eyjafirði, kom Hreiðar bróðir hans á fund hans og kvaðst vilja fara utan.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórður var tregur til þess, er hann
hjelt, að slíkum glóp væri betra að
vera í fásmenninu á Íslandi, en ekki
þar sem margt væri um manninn,
sem í Noregi. En þó varð Þórður
undan að láta fyrir þrábeiðni
bróður síns. Þeir fara nú utan
og tóku land í ~~Noregi~~ Þrándheimi.
Í þann mund komu þeir til
bæjarins, Magnús konungur góði

og Haraldur harðráði og hjeldu þeir
báðir hirð um sig.
Ekki hafði Hreiðar lengi verið í
bænum, er hann fýsti á fund Magnúsar
konungs. Biður Hreiðar því Þórð bróður
sinn brautargengis, því að hann væri
vinur konungs. Þórður taldist
undan og latti Hreiðar fararinnar,
en það tjáði ekki. Hreiðar kvaðst
mundu fara einn, ef Þórður vildi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigi með sjer ~~fyr~~ fara og lagði hann
þegar af stað. Þórður fylgdi þá
(eftir) honum, til þess að veita honum
nokkra umsjá, ef hann mætti.
Koma þeir nú þar, er Magnús
konungur var með mönnum
sínum. Gengur Þórður fyrir
konung og tók hann honum vel.
Spyr konungur, hvort nokkrir
hafi þeir komið með honum

af Íslandi, er hann vildi hafa til
hirðvistar með sjer. Þórð sagði, að
bróðir sinn væri með sjer, en nokkuð
myndi á vanta, að hann væri
fallinn til hirðvistar, og lýsti honum
svo, að hann væri mikill vexti, ljótur
og heldur ósýnilegur. Konungur
kvaðst samt vilja sjá manninn,
því að vart mundi honum alls varnað,
er hann væri bróðir Þórðar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hreiðar gengur þá fyrir konung.
Lætur hann allt fíflslega, en
konungur tók látum hans vel.
Konung hugði vandlega, að Hreiðari
og þóttist vart sjeð hafa gjörfari
mann, en svo leist konungi
hann, sem hann mundi landhaga
vera. Tókst þá svo að
Hreiðar beiddist vetrarvistar.
Konungur tók því dauflega

og kvað Hreiðari hentara að vera
þar, er heldur væri mannfátt.
En þó varð það úr, að þeir bræður
réðust til ~~vetrarvistar~~ vistar með
konungi. Hreiðar varð mjög
fyrir spotti manna í fyrstu,
en er hann tók því með þolin-
-mæði, ljetu þeir af um síðir.
Nú bar það til tíðinda, að
hirðmaður Magnúsar konungs vá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hirðmann Haraldar konungs.
Varð af því missætti nokkurt
milli konunganna. Stefndu
þeir því til fundar með sér og
skyldi þar jafna deiluna.

Hreiðar fjekk nú leyfi konungs
til að fara með honum til
fundarins. Fóru menn þangað
ríðandi; en brátt þraut hest
Hreiðars, en hann hljóp áfram

engu að síður, og gerðu menn það
þá til gamans að reyna við
hann hestana, en hann hljóp
þá alla af sér. Er þeir komu
til stefnunnar, bað konungur
Hreiðar gæta sín vel, því að menn
Haraldar myndu hafa gaman
af, að glettast við hann og reyna
því að verða nokkuð handleikinn.
Fóru konungarnir nú tal saman.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En Hreiðar gjekk til manna Haraldz
en þeir tóku þegar að hrinda
honum og spotta, og tók Hreiðar
því ~~at~~ lengi vel. Þá kom svo,
að honum rann í skap, og þrífur
hann til þess, er harðast gjekk hann
og keyrir hann niður fall mikið,
svo hann var þegar dauður.
En hinum þótti, að hjer fari
tröll en ekki maður og flýðu

undan og segja Haraldi konungi
þessi tíðindi. En Hreiðar fór á fund
Magnúsar konungs og sagði honum
hvernig komið var og tildrög viður-
eignar sinnar við hirðmenn
Haraldar konungs. Þóttist
Magnús konungur sjá, að hirð-
maður Haraldar hefði ekki
fengið annað, en honum var
maklegt, en tók þó lítt af.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En þar er hann hugði Hreiðari
ekki öruggt, með sjer að vera, þá
sendi hann hann til lendsmanns
í Upplöndum, þess er Eyvindur
hjet. Hjelt Hreiðar þegar á
fund hans.

Þeir konungarnir urðu sáttir
um það fyrra málið, en sáttir
~~(komu)~~ urðu ekki um mál Hreiðars.

Hreiðar dvaldist nú með Eyvindi.
Eyvindur taldi víst, að Haraldur
konungur mundi leita eftir Hreiðari
og var aldrei varbúinn við komu
hans. Einhverju sinni bað
Hreiðar Eyvind fá sjer smíðafni.
Eyvindur spurði, hvort hann væri
hagur. Hreiðar kvað Magnús
konung svo sagt hafa, en hann
mundi vita. Eyvindur fjekk honum
nú smíðafni: Var Hreiðar nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

birgður í húsi inni, svo hann yrði síður á vegi Haraldar konungs, ef hann kæmi. Hreiðar vann nú að smíðunum, en áður en hann fengi lokið því, er hann vildi gjört hafa, kom Haraldur konungur og var honum búin veisla af Eyvindi. Fór konungur þess á leit við Eyvind, að hann seldi Hreiðar sér í hendur, en Eyvindur neitaði því harðlega. Gekk hann út úr stofunni, þar er þeir voru að drykkju og að stofu Hreiðars og biður hann að ~~hafa~~ ~~vara~~ hægt um sig, því Haraldur konungur sé þar kominn og vilji hann feigan. En er Hreiðar heyrir þetta, brýst hann, að hurðinni og ljest vilja hitta konung. Sjer Eyvindur, að hann muni tryggjast

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hurðinni, ef hann lúki honum
ekki upp fyrir honum. Hleypir
dyrvörður honum því út, og gengur
Hreiðar nú fyrir Harald
konung. Kvaðst hann vilja sættast
við konung og kveðst hafa þann
hlut, er hann vilji gefa konungi
í vináttu skyni. Var það
svín haglega gert af silfri.
Konungur hugði að svíninu og

hvað það gott smíði; hið sama
sögðu menn hans og þóttust ekki
séð hafa þess kyns smíði fegra.
Tók konungur því nú líklega
að taka Hreiðar í sátt. En
er svínið kom aftur fyrir konung,
og hann hugði vandlegar að,
sá hann, að í því voru
spenar, og þóttist hann nú sjá,
að það mundi smíðað til

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

báts við sig og reiddist mjög og
bað menn sína drepa Hreiðar.
Hreiðar þreif sverðið og hljóp þegar
á brott. Vildi Haraldur veita
Hreiðari eftirför, en Eyvindur
varnaði þess. En það er af
Hreiðari að segja, að hann
fór á fund Magnúsar konungs
og segir honum þessi tíðindi.
Konungur kvað hann fundið

djarfan, en þó væri þetta vottur
þess, að hann væri all-hugkvæmur
og kvaðst hyggja, að hann væri
vitrari, en hann vildi sýnast
láta.

Hreiðar dvelst nú, með Magnúsi
konungi. Og nokkrum biður hann
konung hlýða á drápu er hann
kveðið
hafi um hann gert. Konungur
kvað drápuna ~~og~~ stirða, nokkuð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í fyrstu, en þó gæti, áður lyki, og mundi vera svipað um drápuna og afa Hreiðars. Svo að þetta mætti strax vitast, gaf konungur honum hólma einn fyrir Noregi, gott land, þótt ekki væri stórt.

Þakkaði Hreiðar konungi gjöfina og kvaðst mundu vera búinn í hólmanum. Konungur kvað það órátlegt, sakir óvináttu hans

við Harald konung, því að hann væri svo skapi farinn, að hann hefndi minni raunar en þeirrar er Hreiðar hafði gjört honum, og sagði ~~honum~~ Hreiðari órátlegt að dveljast lengur í Noregi. Hreiðar Magnús konungur skyldu kaupa af Hreiðari hólmann og mundi hann þá nóg fararefni hafa, hvert sem hann vildi. Fór Hreiðar síðan að ráðum konungs til Íslands, og fór svo sem Magnús konungur hafði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sagt, að hann þætti því óskvari, sem meir liði á æfi hans.

—

Loks segir höfundur sögunnar, að Hreiðar hafi gert sér upp mest af fíflslátum sínum og því öndverða æfi sína, komið mönnum fyrir sjónir sem hálffífl.

—

Helzt virðist mjer saga þessi ómerkileg og ~~vitleysum~~ mest undirtekning á því sama: Hreiðar biður leyfis að mega fara eða gera ittlavað, en fær ekki og fer á í leyfisleysi, hvar sem mönnum líkar betur eða verr.

Hreiður svo ramt að þessari undirtekning, að sagan minnir mann á söguna um Búkoll og Tréfótinn. En þrátt fyrir þetta, er þátturinn skemtilegur aflestrar og gáður fyrir börn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Ekki verður feigum forðað, nje ófeigum í hel komið."

Sumarið 1923 var jeg í síldarvinnu, hjá H/F Hrogn & Lýsi á Siglufirði. Síldveiðastöð fjelagsins er ysta stöðin við fjörðinn, vestan megin, og er oft kölluð Bakkastöðin. Þaðan er svo sem 1/4 kl. gangur niður í miðjan kaupstaðinn.

Þetta sumar veiddist óvenju mikil síld. Höfðu allflestir bátar yfir 4 þúsund tunnur, og má það kallast ágætt. En nú var orðið áliðið sumars, 3. sept. var komin. Snurpunótaveiðin var að enda, og mörg sunnlensk og vestfirsk skip farin heim. Norsku síldveiðaskipin voru líka farin að byggja til heimferðar. Lágu mörg þeirra á höfninni útaf Eyrinni og bjuggust í óða önn. Þennan dag hafði jeg verið sendur staðan í bæ. Átti jeg að taka á móti tunnum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tunnum á Hendriksens bryggju og
koma þeim þar niður í bát, er flytja
skyldi þær ~~út~~ eftir. Besta veður hafði
verið þennan dag, og hjelst það meðan
jeg var að taka á móti tunnunum, og
nú, er því var lokið, varð mjer litið út-
eftir firðinum. Hann var rennisljettur
og lygn svo mikið, að ekki bærðist
hár á höfði. Nú var starfi mínu
var lokið, ~~[illegible]~~ og hjelt jeg heimleiðis, en

þegar jeg hefi ~~gengið þessa~~ álíka vegalengd, sem frá póst-
húsinu í Reykjavík að Dómkirkjunni
heyri jeg gný mikinn úr suðurátt. Í því kemur
stormhviða svo snögg, að jeg er nærri
fokinn um. Oft hefi jeg vitað snögg
veðraskifti, en aldrei sem hjer. Sannaðist
nú átakanlega, að á skammri stundu,
skipast veður í lofti. En það fer af
mjer að segja, að jeg varð að hafa mig allan
við, ~~til að líta~~ svo að veðrið ~~ekki hrekja mig~~ velti mig ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niður. Fór jeg nú undan veðrinu, sem var
af húsunum og út að Hvanneyri, sem er
miðja vegu, milli kaupstaðarins og Bakka-
-stöðvarinnar, en þá var komið; þar sje
jeg síra Bjarna (Þorsteinsson) standa
í bæjardyrum sínum, með sjónauka
+ sinn, eineygðan, en samt afar góðan.
Sje jeg, að presturinn beinir sjónaukanum
út á fjörðinn miðjan ~~[illegible]~~ í stefnu á Siglunes
ofanvert og á smámótor-~~bát~~ sem þar er

auðsjáanlegur í háska staddur. En
þar sem jeg þekkti síra Bjarna, þó ekki
nema í sjón, kunni jeg ekki við að biðja
hann um að lofa mjer að sjá í sjón-
-aukann og hjelt því áfram ferðinni. En
nú svo hvast, að þá vindur standi af landi
og út fjörðinn, stefnir sjóinn, sem mjöll. ~~snjó í~~
~~stefnuningi~~. En jeg kom út í Bakka
er verið að ~~drekka~~ drekka eftirmiðdagskaffi [miðaftans]
og aðeins fáir menn úti við og hafði enginn,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo jeg vissi, veitti mótorbátnum eftirtekt. Fer jeg því inn
og segi húsbónda mínum Óskari
Halldórssyni frá því, að bátur mundi á
hættustaddur úti á firði. Óskar fer þegar
út ~~með~~ mjer, og sjáum við nú, að línu-
veiðari einn, er komið hafði utan fjörðinn, er kominn bátnum til hjálpar.
En þar sem vegalengdin til mótor-bátsins,
frá okkur var alllöng, sáum við óglögt
hvað gerðist, en hjeldum samt, að ~~þó~~ bátinn
hefði bjargast. En svo var þó

ekki, því að síðar um daginn frjettum við
að bátinn hefði farist og á honum 4 menn.
Mótorbátur þessi hafði farið með upp-
skipunarbát yfir fjörðinn til að taka
möl í uppskipunarbátinn og mun hafa verið kominn ~~og [illegible]~~
heimleið, er veðrið skall á. Vildu þeir
í lengstu lög reyna að halda í mótor-
-bátinn, en er minst varum varði,
þá bilaði vjelin í mótorbátnum.
Ekki veit jeg með vissu, hvort

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bátsmenn vorn frá honum að sleppa
mótorbátnum, en hygg þó, að svo
hafi ekki verið. En nú munu
þeir hafa slept honum, og sökk hann
óðara. Nú er mótorbáturinn var farinn
bjargarlaus, ber hinumeginn [illegible] að og
fór hann eftir ~~sið~~ [illegible] umsvif
[illegible] tang yfir í mótorbátinn, en
bátsmenn bregða tauginni (eftir því
sem jeg hefi heyrt sagt) um ~~mastrið~~ sigluna og

sem tauginni hélt upp eftir ~~mastrinu~~ hans
og hvolfdi bátnum og drukknuðu allir,
er á honum voru. ~~Hann~~ Má vera að einn
hafi bjargast, en held jeg það síður.

Eins og áður er getið, voru norsku
síldveiðaskipin að búast til heimferðar
og höfðu sum þeirra tómar tunnur
afgangs, sem þau vildu gjarnan selja
vegna verðs; En þetta sumar hafði,
sem áður er greint, verið mikið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síldveiðasumar og voru útgerðarmenn
því orðnir mjög tunnulitlir flestir.
En tunnuleysi gat komið sér mjög illa,
fyrir sumar þeirra, því að þótt smugu-
veiði væri úti, þá mátti búast við
reknetaveiði út september. Þessvegna
hafði Óskar Halldórsson sent tvo
menn á báti, út á höfn, til að
semja, við Norðmenn, um ~~sölu~~ kaupa á
tómum tunnum. Til þessarar farar

voru valdir Norðmaðurinn Ólsen og
Bjarni (~~Sigurðsson~~ Guðmundsson minnir mig). Bjarni
þessi var góður sjómaður, en Ólsen óvanur
sjóferðum. Þessir menn leggja nú af
stað laust eftir hádegi í allra besta
veðri; bátur sá, er þeir fóru á,
var norsk „skekta" með tví-ræðum (tollum)
mjög létt og alveg ný. Segir nú
ekki af ferðum þeirra fyrr, en
hið mikla veður skall á um 3-leytið nónbilið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Voru þeir þá staddir úti í norsku
síldveiða skipi, sem lá út af Siglu-
-fjarðareyri (Hvanneyri) miðri, og
allnærri eyrinni. Þeir bíða nú
úti í skipinu 2-3 tíma, til að vita
hvort veðrið mundi ekki lægja. En
það lægði lítið eða ekki: En þar
sem þeir voru allnærri landi og
töldu víst, að þeir kæmust í land
klakklaust, en vildu hinsvegar

ekki bíða ~~eftir~~ þess að myrkrið skylli á,
lögðu þeir frá norska skipinu um
kl. 5½. En varla voru þeir komnir
frá skipshliðinni, er þeir sjá ekki
neitt við neitt, því að árarnar hvelskar
upp úr ratinum (Trjetallinum). Rer þá nú
undan veðrinu og út á milli skipa-
-nna, sem liggja allsstaðar um-
hverfis þá. Vill nú svo til, að þá
ber að ~~síðsu~~ öðru norsku síldveiða-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-skipi og ætlar Ólsen að reyna
~~aðnáhandfestu~~ þrífa í skipið,
um leið og ~~hann~~ þá rekur hjá því, en
í staðinn fyrir, að ná nokkurri
handfestu, fellur hann útbyrðis. ~~og~~
Bjarni vill nú koma honum til
hjálpar, og ná honum aftur upp í
bátinn, en það tekst ekki, og við
þessa tilraun missir Bjarni árarnar
bátar. En skipsmenn á þessu

norska skipi höfðu nú orðið varir
við þá Bjarna og fengu kastað kaðli
til Ólsens og dregið hann upp í
skipið. En það er af Bjarna að segja,
að hann barst undan veðrinu út á
fjörðinn, á bátnum áralausum.
En Norðmenn á þriðja síldveiða-
-skipinu komu auga á hann og
klöngra einir sex í snurpunóta bát,
sem lá við hliðskipsins og ætluðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ná í Bjarna, sem barst fram
hjá skipinu ekki langt frá. En
varla voru Norðmennirnir komnir
í bátinn, er þeir sáu, að þeir mundu
varla fá við hann ráðið, og snéru þeir
því aftur að skipinu. Fóru nú
fleiri menn í bátinn, og voru þeir
nú 11 eða 12. En meðan á þessari
töf stóð á, hafði Bjarna borið allangt
undan veðrinu. En Norðmenn sneru

nú röskleg[a] eftir honum og fengu
náð honum og komist heilu og
höldnu til skips síns aftur.
Um kl. átta slotaði veðrinu, að
mestu og voru þeir, Bjarni og Olsen, þá fluttir í
land. Þegar þeir komu út í
Bakka, urðu menn ~~þeir~~ því mjög
fegnir, því ekkert hafði til þeirra
spurst, síðan þeir fóru að heiman
laust eftir hádegi, sem áður er sagt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg þykist nú hafa vel gjört að skila tveim löngum og ítarlegum stílum og vonast til, að kennarinn taki svo mikið tillit til þess, að hann breyti mínu einkunn til hins betra, ekki aðeins um einn, (eins og síðast, er hann hækkaði mig úr 2 upp í þrjá) heldur um 2, svo að jeg fái nú fimm, til vara 4½, en þá einkunn hefi jeg fengið

bæði hjá hálfvitum kennara og mörgum öfundum þríf dæmendum síðustu tvö próf.

Svo kveð jeg yður í góðri von.

Virðingarfyllst

Sveinn Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bls 77

$y = \frac{403}{90} \pm \sqrt{\ }$

$y = \frac{403}{90} \pm \frac{407}{90}$ / 9

$-\frac{2}{45}$

162409
3240
165649
16
5649

5/8100 (1620
407

807
7
5649

$x \log 3 = \log 9$

$x \cdot 0{,}47712 = 0{,}95424$

$x = \frac{0{,}95424}{0{,}47712}$; $x = 2$

$2 \cdot \frac{5}{y} + 3 \cdot \frac{y}{25} = \frac{13}{4}$;

325
325
1625
650
975
105625

$1000 + 12y^2 = 325y$; $y^2 - \frac{325}{12}y + \frac{1000}{12}$

$y = \frac{325}{12} \pm \sqrt{\ }$

Dæ. 3; $\sqrt{5}^{\,x^2-3} \cdot \sqrt{3}^{\,x+1} = 1125$

3 | 1125
3 | 375
5 | 125
5 | 25
5

$\sqrt{5}^{\,x^2-3} \cdot \sqrt{3}^{\,x+1} = 3^2 \cdot 5^3$

$x^2-3 \cdot \frac{\log 5}{2} + (x+1)\frac{\log 3}{2} = 2\log 3 + 3\log 5$

$x^2-3 \cdot \log 5 + (x+1)\log 3 = 4\log 3 + 6\log 5$

$x^2 \log 5 + x \log 3 = 3\log 3 + 9\log 5$;

$x^2 +$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$\frac{13}{4}$ $\frac{3,25}{100}$ 0,0325

$4\frac{1}{3}$ $\frac{13}{3}$ $\frac{4,33}{100}$ 0,0433; 0,04 · 200

$R = 0,04 \cdot 200 = 8$; 0,0425 · 850;

$R = 0,0425 \cdot 855$

425
85
2125
3400
36,1250

$b = 90(1 + 2 \cdot r)$

$100 = 90(1 + 2r)$; $100 = 90 + 180r$; $180r = 10$

$r = \frac{1}{18}$

$R = 0,0555 \cdot 100 = 5,55$ 0,0555

$R = Ar$ $r = \frac{R}{A}$; $a \cdot r =$

$R = arn$

$b = arn + a$ $b = a(1 + nr)$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$a_{10} = a(1+r)^{10}$

$a_{10} = \frac{a}{(1+r)^{10}}$ $a = \sqrt{b}$

$a_n = a(1+r)^n$, $(1+r)^n = \frac{a_n}{a}$, $1+r = \sqrt[n]{\frac{a_n}{a}}$

$\log(1+r) = \frac{\log a_n - \log a}{n}$;

$a_n = a(1+r)^n$; $\log a_n = \log a + n \log(1+r)$

$\log a_n - \log a = n \log(1+r)$; $n = \frac{\log a_n - \log a}{\log(1+r)}$

---

$600 = 500(1+r)^7$ $(1+r)^7 = \frac{600}{500}$, $1+r = \sqrt[7]{\frac{600}{500}}$

$\log 1+r = \frac{\log 600 - \log 500}{7}$

$\log 1+r = \frac{2,77815 - 2,69897}{7}$

77815
69897
0,07918
0,01131

$\log(1+r) = 0,01131$, $1+r =$

$d = 16$
$D = 42$ 0,4

$1,0264 = 1+r$ $r = 0,0264$

$2a = a(1+0,04)^n$

$2 = 1,04^n$ $\log 2 = n \log 1,04$

$n = \frac{\log 2}{\log 1,04}$

$\frac{0,30103}{0,01703} = 17,7$

---

$a_4 = a(1+0,04)^4$

$a_9 = a(1+0,04)^9$

$a_{15} = a(1,04)^4 \cdot (1,05)^5 \cdot (1,06)^6 = a(1+r)^{15}$

$a(1+r)^{15} = \frac{a(1,04)^4 \cdot (1,05)^5 \cdot (1,06)^6}{a}$

$1+r = \sqrt[15]{(1,04)^4 \cdot (1,05)^5 \cdot (1,06)^6}$

$\log 1+r = \frac{4 \log 1,04 + 5 \log 1,05 + 6 \log 1,06}{15}$

$d = 13$
$D = 42$ ) 130 ( 0,3
126
40

1,0513

$r = 0,0513$ $R = 100$ $R = 5,13$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$\frac{0,30103}{10}$  0,030103

$\frac{d=31}{D\,40}$  0,8

1,0718

$r = 0,0718 \quad R = 7,18$

$1 + r_1 = \sqrt{1,04}$

$\log(1+r_1) = \frac{\log 1,04}{2}$

0,01703  0,008515

$D = 43/340$  0,8  43  8

$1 + r = 1,0198$

$r = 0,0198 \quad 1,98$

$S = a \frac{(1+r)^n - 1}{(1+r) - 1} = \frac{a}{r}\left((1+r)^n - 1\right)$

$G = \frac{a}{r} - \frac{a}{r(1+r)^n}$

$r(1+r)^n = a(1+r)^n - a$

$r(1+r)^n - a(1+r)^n = -a$

$(1+r)^n(r - a)$

$A = \frac{100}{0,04}\left(1 - \frac{1}{1,04^{10}}\right)$

$G = \frac{a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^n}\right)$

$a = \frac{Gr}{1 - q}$

$a = \frac{1622 \cdot 0,04}{1 - 0,6756} = 200$

0,3244

$q = \frac{1}{1,04^{10}}$

$\log q = -10 \log 1,04$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$$G = \frac{a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^n}\right)$$

$$rG = a\left(1 - \frac{1}{(1+r)^n}\right)$$

$$\frac{rG}{a} = 1 - \frac{1}{(1+r)^n}$$

$$-\frac{rG}{a} - 1 = -\frac{1}{(1+r)^n}$$

$$\frac{a - rG}{a} = \frac{1}{(1+r)^n}$$

$$\frac{a}{a - rG} = (1+r)^n$$

$$\log a - \log(a - rG) = n \log(1+r)$$

$$n = \frac{\log a - \log(a - rG)}{\log(1+r)}$$

$150 - 0{,}05 \cdot 200 \cdot$ 1000

$$n = \frac{\log 150 - \log 50}{\log 1{,}05}$$

$$X = \frac{a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^B}\right)$$

$$\log q = -0{,}576 \log 1{,}05$$

$R = r \cdot A;$

$$A = \frac{2a \cdot A}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^{10}}\right)$$

$$\frac{A}{2A} \quad \frac{1}{2} = \left(1 - \frac{1}{(1+r)^{10}}\right)$$

$$+\frac{1}{2} = +\frac{1}{(1+r)^{10}}; \quad 2 = (1+r)^{10}; \quad \log 2 = 10 \log(1+r)$$

$$\frac{\log 2}{10} = \log(1+r)$$

---

5)

$$A = \frac{a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^n}\right)$$

$$A = \frac{2a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^x}\right); \quad \frac{Ar}{2a} = 1 - \frac{1}{(1+r)^x}$$

$$\frac{-Ar + 2a}{2a} = +\frac{1}{(1+r)^x}; \quad \frac{2a}{2a - Ar} = (1+r)^x$$

$$\log 2a - \log(2a - Ar) = x \log(1+r)$$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/

$a_n = a(1+r)^n$

$a_{15} = 713{,}25\,(1{,}035)^{15}$

$\log a_{15} = \log 713{,}25 + 15 \log 1{,}035 =$

$= 2{,}85324 + 15 \cdot 0{,}01494 = 3{,}07734$

d = 34 0,92

D = 37

$1194{,}92$

2/

$a_{20} = 3a = a(1+r)^{20}$

$3 = (1+r)^{20};\ \log 3 = 20 \log(1+r)$

$\frac{0{,}47712}{20} = \log(1+r)$

$0{,}023856 = \log(1+r)$

$r = 0{,}0565 \quad R = 0{,}0565 \cdot 100 = 5{,}65$

3/ $\frac{500 - 24}{100 - x}$ $\frac{2400}{500}$ 4,8 0,048

$r = \frac{R}{A}\ \frac{24}{500}$ $r = \frac{R\,24}{a\,500}$

$a_n = a(1+r)^n$

$20000 = 729{,}175\,(1{,}048)^n$

$\log 20000 = \log 729{,}175 + n \log 1{,}048$

$\frac{\log 20000 - \log 729{,}175}{\log 1{,}048} = n$

$\times 1{,}05$

4/ $r = \frac{R}{A};\ = r = \frac{100\,r}{100}$ $R = 100\,r$

$a = a$

$a_1 = a - ar \quad a(1-r)$

$a_n = a(1-r)^n$

5/

$a_n = a(1+r)^n \qquad a_{2n} = a(1+r)^n \cdot (1-r)^n$

$a_n = a(1-r)^n \qquad a_{2n} = a((1+r)(1-r))^n$

$a_{2n} = a(1-r^2)^n$

$a_{2n} = a(1-r)^n \cdot (1+r)^n;$

$a_{2n} = a((1-r)(1+r))^n$

6/

$a_{1906} = 0{,}01\,(1{,}05)^{1906}$

$\log a_{1906} = \log 0{,}01 + 1906 \log 1{,}05$

$\log a_{1906} = -2 + 1906 \cdot 0{,}02119 = -2 + 40{,}38814$

$= 38{,}38814$ d 4 0,22 D = 18

$= 244220000 \ldots 0$

7/ $21 = 10\,(1+r)^{76}$

$\log 1+r = \frac{\log 21 - \log 10}{76}$

$\log 21 = \log 10 + 76 \log(1+r);$

$\log 1+r = \frac{0{,}32222}{76} = 0{,}00424$

$r = 0{,}0\ldots$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$a_{2000} = 100000 (1,0098)^{200}$

$\log a_{200} = \log 100000 + 200 \log 1,0098 =$

$\log a = 5 + 200 \cdot 0,00424 = 5,84800$

$a_{200} = 704700$

9/

$1500 = 300(1,05)^n + 500(1,05)^{2n}$

$15 = 3(1,05)^n + 5(1,05)^{2n}$ ; $x = (1,05)^n$

$5x^2 + 3x - 15 = 0$ ; $x = -\frac{3}{10} \pm \sqrt{\frac{9}{100} + \frac{300}{100}}$

$x = -\frac{3}{10} \pm \frac{17,58}{10}$ $\{1,458$

$(1,05)^n = 1,458$ ; $n \log 1,05 = \log 1,458$

$n = \frac{0,16376}{0,02119} = 7,7$

19,57

3508 · 8 = 28064

10/

$1 + r_1 = \sqrt[9]{1+r}$

$1 + r_1 = \sqrt[12]{1,06}$ ; $\log 1+r_1 = \frac{\log 1,06}{12} =$

$\frac{0,02531}{12} = 0,00211$ ; $1+r_1 = 1,00486$

$r_1 = 0,00486$

$R = 0,486$

11/

$r_1 = \frac{R}{A}$ $r_1 = \frac{1}{10000} = 0,0001$

$1,0001 = \sqrt[365]{1+r}$

$\log 1,0001 = \frac{\log(1+r)}{365}$ $\log(1+r) =$

$365 \log 1,0001$ ; $r = 0,0342$

$R = 3,42$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/

$a_{15} = a(1+r)^{15}$

$a(1+r)^{15} + \frac{a}{(1+r)^{15}} = 2{,}5a$

$a(1+r)^{30} + a = 2{,}5a(1+r)^{15}$

$(1+r)^{15} = \frac{2{,}5}{2} \quad \sqrt{\frac{25}{16} - \frac{16}{16}}$

$(1+r)^{15} = \frac{5}{4} \pm \frac{3}{4} \begin{cases} 2 \\ \frac{1}{2} \end{cases}$

$(1+r)^{15} = 2; \; 15 \log 1+r = \log 2$

$\log 1+r = \frac{\log 2}{15} \quad r = 0{,}0473 \quad R = 4{,}73$

13/ $A = \frac{a}{r}\left((1+r)^n - 1\right)$

$A = \frac{700}{0{,}038}\left((1{,}038)^{20} - 1\right)$

$x = 1{,}038^{20} \quad \log x = 20 \log 1{,}038 = 0{,}01620 \cdot 20$

$= 0{,}32400 = 2{,}1086 = x$

$A = \frac{700}{0{,}038} \cdot 1{,}1086 = 20421{,}58$ kr

14/ $24 = \frac{6 \cdot 24}{100} \quad g \cdot 0{,}06$

$g = \frac{a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^n}\right) \qquad x = \frac{a}{r}\left(1 - \frac{1}{(1+r)^n}\right)$

$g = \frac{g \cdot 0{,}06}{0{,}04}\left(1 - \frac{1}{(1{,}04)^n}\right)$

$\frac{g \cdot 0{,}04}{g \cdot 0{,}06} = 1 - \frac{1}{(1{,}04)^n}$

$1 - \frac{4}{6} = \frac{1}{(1{,}04)^n} = \frac{1}{3} = \frac{1}{(1{,}04)^n}$

$3 = (1{,}04)^n \quad \log 3 = n \log 1{,}04$

$n = \frac{\log 3}{\log 1{,}04} \quad 28{,}017 = n$

16/ $775 = \frac{31}{0{,}04}\left(1 - \frac{1}{(1{,}04)^n}\right)$

$\frac{0{,}04 \cdot 775}{31} = 1 - \frac{1}{(1{,}04)^n}$

$\frac{31}{31} \; 1 - 1 = 0 = n \log 1{,}04 = n \frac{\log \infty}{\log 1{,}04} - \infty$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18

$A = \frac{a}{r}\left((1+r)^n - 1\right) =$

$A = \frac{a}{0,035}\left((1,035)^{10} - 1\right) = \frac{800}{0,035}\left(1 - \frac{1}{(1,035)^{10}}\right)$

$a\left((1,035)^{10} - 1\right) = 800$ ~~$\frac{(1,035)^{10} - 1}{1,035^{10}}$~~

$a = \frac{800}{1,035^{10}}$   $\log a = \log 800 - 10 \log 1,035$

2,90309 − 10 · 0,01494   0,14490

$\log a = 2,75369$

d = 3

ρ = 8   0,27

567,135

567,14

$\frac{B}{b} = \frac{b}{c}$ ; $\frac{b}{B} = \frac{c}{b}$

$\frac{h}{a} = \frac{B}{h}$




$a \cdot b = c \cdot h$




a

$x = \sqrt{5a \cdot a}$

x







$x = \sqrt{a^2 + b^2}$




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$x = \sqrt{a^2+b^2+c^2}$ $\sqrt{b^2+c^2} = y$



$x = \sqrt{a^2+y^2}$





$x = \sqrt{ab+cd}$ $x = \sqrt{y^2+z^2}$

$y = \sqrt{ab}$





$z = \sqrt{cd}$





$c^2 = a^2+b^2$

$a^2 = c^2-b^2$

$a = \sqrt{c^2-b^2}$





$x = \sqrt{\frac{a^3}{b}+\frac{b^3}{a}} =$

$x = \sqrt{\frac{a^4+b^4}{ab}}$

$y = \frac{a^2}{b}$

$\sqrt{ab-c^2+cd}$

$y = \sqrt{ab}$



$\sqrt{y^2-c^2+z^2}$ $x = \sqrt{u^2+z^2}$



$z = \sqrt{cd}$

$u = \sqrt{y^2-c^2}$



$\sqrt{2a^2+3b^2+\frac{ab^2}{c}}$ $\sqrt{y^2+(z^2+t^2)}$

$y = \sqrt{2a^2}$ $y = \sqrt{2a \cdot a}$

$t = \sqrt{ab}$ $\sqrt{\frac{ab^2}{c}}$



$z = \sqrt{3ab}$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

$\sqrt{(a+b)(a-b)}$ $\sqrt{d \cdot c}$









$Ob^2 = BO \cdot ub$

$\frac{Ob}{BO} = \frac{bO}{Ob}$

$\frac{Oa}{Ob} = \frac{OB}{OA}$



$OB = a + r$

$Ob = a - r$

$OB \cdot Ob = B^2 - r^2$





$Oc^2 = OB \cdot Ob$

$BO = r + a$ $BO \cdot Ob = r^2 - a^2$

$Ob = r - a$

$OB = 2r$

$Ob = O$

$bBc \sim DBA$

$\frac{bc}{b_1} = \frac{b}{d}$ ; $bcd = b_1 b$

$cBA = bBD$

$\frac{cA}{a_1} = \frac{a}{d}$

$Acd = a_1 a$



$d(cA + bc) = b_1 b + a_1 a$

$d \cdot d_1 = b_1 b + a_1 a$

$\frac{cb}{b_1} = \frac{b}{d}$ ; $cb \cdot d = b_1 \cdot b$

$cA \cdot d = a_1 \cdot a$

$bBD \sim cBA$

$cb \cdot d + cA \cdot d = b_1 b + a_1 a$

$d(\ [illegible]\ )$

$\frac{cA}{a_1} = \frac{a}{d} = cA \cdot d = a_1 \cdot a$

$d \cdot d_1 = b_1 \cdot b + a_1 \cdot a$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




$h^2 = 5,4 \cdot 9,6$   $h = 7,2$

$h = \sqrt{51,84} = 7,2$

$c = 6$   $a = 6$   $b^2 = h^2 + 3,6^2$

$b^2 - 3,6^2 = h^2$   $h = 4,8$

$36 - 12,96 = 23,04 = h^2$   $\sqrt{23,04} = h$ 4,8

$4,8^2 = 3...$

$a = 0,5$   $b = 1,2$   $b = 1,9$

$c^2 = 0,5^2 + 1,2^2$

$c = \sqrt{2,5 + 1,44}$   $c = \sqrt{3,94}$   1,9

$h \cdot 1,9 = 0,5 \cdot 1,2$

$c = 6$   $a = 4,8$

$c^2 = 4,8^2 + b^2$   $b = \sqrt{36 - 23,04}$

$b = \sqrt{12,96} = 3,6$

$h \cdot 6 = 4,8 \cdot 3,6$

22




$a^2 + b_1^2 = a_1^2 + b^2$

$a^2 = x^2 + y^2$   $b^2 = y^2 + z^2$

$b_1^2 = p^2 + z^2$   $a_1^2 = x^2 + p^2$

$a^2 + b_1^2 = y^2 + x^2 + p^2 + z^2$   $b^2 + a_1^2 = y^2 + x^2 + z^2 + p^2$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23




$x^2 = (a + a)a$

$x^2 = 2a^2$

$x = a\sqrt{2}$

24




$r^2 - a^2 =$

25




c

$c^2 = 1{,}41^2 + 1{,}88^2$

$c = \sqrt{1{,}41^2 + 1{,}88^2}$ ; $c = 2{,}35$

$\frac{1{,}175}{1{,}88} = \frac{a}{2{,}35}$

$a \cdot 1{,}88 = \frac{1{,}175 \cdot 2{,}35}{1{,}88}$

$a = 1{,}46$

26




$\left(x + \frac{r}{2}\right)^2 = \left(\frac{r}{2}\right)^2 + (r - x)^2$

$x^2 + \frac{r^2}{4} = \frac{r^2}{4} + r^2 - 2rx + x^2$

$2rx = r^2$ ; $x = \frac{r^2}{2r}$ ; $x = \frac{r}{2}$

27




$\frac{a}{b} = \frac{c - x}{x} = bc - bx = ax$

$x(a + b) = bc$

$ax + bx = bc$

$x = \frac{bc}{a+b}$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28

13 20 21




$13^2 = h^2 + (21-x)^2$ ; $169 = h^2 + 441 - 42x + x^2$

$20^2 = h^2 + x^2$ ; $h^2 - 42x + x^2 = -272$

$272 = -h^2 - x^2 + 42x$

$672 = 42x$ ; $x = 16$

42)672(16
42
252

30




$\frac{x}{D} = \frac{m}{AB}$ ; $\frac{x}{d} = \frac{n}{CD}$

$\frac{x}{d} = \frac{m}{AB}$ ; $\frac{x}{D} = \frac{n}{CD}$

$\frac{x}{D} = \frac{m}{AB} = \frac{n}{CD}$ ; $\frac{x}{d} = \frac{m}{AB} = \frac{n}{CD}$

$\frac{x}{D} + \frac{x}{d} = \frac{m+m}{AB}$

$= \frac{n+n}{CD}$ ;

31

$d^2 = b^2 + d^2 + a^2 + c^2$





$\frac{x}{D} + \frac{x}{d} = 1 = 1$ ; $dx + Dx = dD$

$x(d+D) = dD$ ; $x = \frac{dD}{d+D}$

$2\pi r K = K_2\sqrt{4r^2 - K_1^2} \pm K_1\sqrt{4r^2 - K_2^2}$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28/13 20 21



$13^2 = h^2 + (21 - \ldots$

$20^2 = h^2 + x^2$

$272 = -h^2 - x^2 + 4\ldots$

$672 = 42x, \quad x = 1\ldots$

$\frac{x}{D} = \frac{m}{AB}; \quad \frac{x}{d} = \frac{n}{bD}$

$\frac{x}{d} = \frac{m}{AB}; \quad \frac{x}{D} = \frac{n}{bD}$

$\frac{x}{D} = \frac{m}{AB} = \frac{n}{bD}$

---

~~[illegible]~~ jusque dans vos bras = alveg í fangið á – okkur

nuire = skaða

réveiller = [illegible]

ménage = húshald; [illegible]

grimper = klifra

le coteau = hæð

la redingote = frakki

se troubler = vera feiminn

la cour = hirð

le cortège = föruneyti

le ciel = himinn

protéger = vernda

la proie = herfang

tenir la campagne = halda velli

faible = veikbyggður, lítill

la escorte = fylgdarlið

vite = strax, fljótt

la piquette = þunnt vín

pain ~~bis~~ = rúgbrauð

sécher = þurrka

reveil = vöknun

le trésor = menjagripur

la [illegible] = [illegible]

entraîner = draga með sér

couronner = krýna

la île = eyja

la mer = haf

le maître = herra, húsbóndi

la erreur = misgrip

amère = beiskur

venir = [illegible]

La Marseillaise.

mugir = æpa, orga

bras = handleggur, fang

égorger = myrða

impur = óhreinn

abreuver = vatna

le sillon = plógfar, slóð

le amour = ást

soutenir = styðja

le vengeur = hefnandi

chair = ~~[illegible]~~ hold

le drapeau = fáni

mâle = karlmannlegur

accent = málrómur, hljómfall

---

$b^2 + d^2 + a^2 + c^2$

$\ldots x = dD$

$\ldots D) = dD; \quad x = \frac{dD}{d + D}$

$\ldots^2 - K_1^2 \mp K_1\sqrt{4r^2 - K_2^2}$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28

13 20 21

$13^2 = h^2 + (21-x)$

$20^2 = h^2 + x^2$

$272 = -h^2 - x^2 + 42x$

$672 = 42x; \quad x = 16$

30

$\frac{x}{D} = \frac{m}{AB}; \quad \frac{x}{d} = \frac{n}{6D}$

fier = hreykinn.
nier = neita.
le complice = samsekur.
se rasseoir =
la instruction = réttarrannsóknin,
parfait = fullkominn.
la peine = hegning.
le visage = andlit!
ému = hrærður, hreyfður.
disposer = að ráða; fyrirgjöra.
le voyage = ferð.
bls. 113.
aider = hjálpa.
la populace = skríll.
plaindre = vorkenna.
désintéressé(e) = óeigingjörn.

Les Souvenirs du Peuple.

le souvenir = minning.
le chaume = strá; hálmur; sous le ch. = undir stráþakinu.
humble = auðmjúkur.
le toit = þak.
villageois = þorpsbúi.
le récit = saga.
abréger = stytta; a. notre veille = stytta kveldið.

$+ d^2 + a^2 + c^2$

$= dD$

$= dD; \quad x = \frac{dD}{d+D}$

$- K_1^2 \pm K_1\sqrt{4r^2 - K_2^2}$

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur